

Borgarráð

### ***Samningur við Fjölís um afritun verndaðra verka***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samningi við Fjölís um afritun verndaðra verka. Kostnaður vegna samningsins er áætlaður 3.245.037 kr. árið 2017 en gjaldið er verðtengt á þann hátt að það tekur breytingum frá 1. janúar 2017 til hvers gjalddaga í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á tímabilinu. Kostnaðurinn greiðist af kostnaðarstað 09511 höfundaréttarsamningar.

Greinargerð:

Fjölís og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samninga um afritun verndaðra verka frá árinu 1999 til ársloka 2015. Fjölís og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa á undanförunum árum unnið að endurnýjun samninga um afritun höfundaréttarvarins efnis. Eldri samningar, sem flestir eru útrunnir, voru orðnir tæknilega úreltir og tóku ekki til stafrænnar afritunar eða rafrænnar dreifingar svo dæmi sé tekið. Undir samninga við sveitarfélög fellur nú eingöngu afritun sem fram fer í stjórnsýslu sveitarfélaganna og öllum rekstri öðrum en leik-, grunn- og tónlistarskólum, þ.e. íþróttar- og æskulýðsmál, menningarmál, ferðamál, félagsþjónusta o.þ.h. auk þjónustumiðstöðva, menningarstarfsemi, byggðasamlaga og annars atvinnurekstrar. Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélög að þau gangi til samninga við Fjölís þar sem texti samningsfyrirmyndarinnar verður notaður óbreyttur. Í júní sl. höfðu 40 sveitarfélög undirritað samninginn eða um 54% sveitarfélaga á Íslandi.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur einnig gert samninga við 30 erlend systursamtök í 28 þjóðríkjum um hagsmunagæslu vegna eftirgerðar erlendra verka. Fjölís gerir því leyfissamninga við innlenda notendur um slíka eftirgerð og úthlutar réttihöfum verkanna tekjunum. Fjölís hefur hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að fara með kollektífar heimildir til innheimtu tekna vegna slíkrar hagnýtingar og nær hún bæði til innlendra og erlendra rétthafa. Heimildina má finna í 15. gr. a höfundalaga nr. 73/1972, samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985 auk reglna nr. 420/2012.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samningi við Fjölís um afritun verndaðra verka.

Kynningarbréf til sveitarfélaga vegna samningsfyrirmyndar dags. 1. febrúar 2017.

Stöðugildi hjá sveitarfélögum 1. apríl 2016.